



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 21. ágúst 2020  
2006022SA TP  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Drög að breytingartillögum meiri hluta velferðarnefndar við frumvarp til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán)- 926. mál 150. lp.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 14. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn um drög að breytingartillögum sem meiri hluta velferðarnefndar mun hafa í hyggju að afgreiða varðandi frumvarp til laga um húsnæðismál (hlutdeildarlán).

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir athugasemd við þá ráðagerð sbr. e-lið í breytingartillögum, að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sé að jafnaði skylt að úthluta a.m.k. 20% hlutdeildarlána ár hvert til kaupa á íbúðum utan höfuðborgarsvæðisins og utan vaxtarsvæða.

Í skýringum kemur fram að víkja megi frá þessari 20% reglu ef umfang umsókna vegna hagkvæms íbúðarhúsnæðis utan vaxtarsvæða er minna en sem nemur 20% af heildarúthlutunum. Ekki er gert ráð fyrir öðrum frávikum.

Að mati sambandsins skortir á rökstuðning fyrir þessari tillögu auk þess sem hún muni torvelða framkvæmd hlutdeildarlána, sérstaklega þar sem viðbúið er að eftirspurn eftir hlutdeildarlánnum verði í upphafi mikil og jafnvel umfram heildarfjárveitingar til verkefnisins. Ekki verður framhjá því litið að 20% telst umtalsvert hlutfall sem vandséð er að bryn þörf sé á að taka frá m.a. með hliðsjón af landfræðilegri dreifingu stofnframlaga.

Sambandið mælist því til þess að horfið verði frá því að binda svo hátt hlutfall lána við landshluta utan vaxtarsvæða (þ.m.t. höfuðborgarsvæðið). Eðlilegra væri að hlutfallið væri sveigjanlegt og látið ráðast af metinni þörf fyrir húsnæði, m.a. á grundvelli húsnæðisáætlana. Því markmiði sem að er stefnt verði þannig fremur náð með því að beita almennum sjónarmiðum um jafnt aðgengi að opinberum úrræðum fremur en að setja kvóta á úthlutun fjármagns.

Að öðru leyti eru breytingartillögurnar ágætlega rökstuddar eru að mati sambandsins og í samræmi við umsagnir sem borist hafa um málið.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri